

# Safnablaðið

LAUGARDAGUR 18. MAÍ 2019



Inga L. Baldvinsdóttir, sviðsstjóri Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafni, segir að eftir að stafrænir timar runnu upp hafi ljósmyndin sívaxandi gildi og myndmálið að verða sterkara en ritmál.

## Ljósmyndasöfn þjóðarinnar

Með tilkomu snjallsímans og útbreiðslu hans eru teknar fleiri ljósmyndir en nokkru sinni fyrr. Áður voru myndasöfn einstaklinga eða fjölskyldu límd inn í albúm eða geymd í gömlum konfekt- eða skókössum en nú geyma flestir myndirnar sínar á síma eða í tölvu. ➔



Ásfríður Ásgrímsdóttir með vinkonum 1918. LJÓSMYND EFTIR SIGRÍÐI ZOËGA/LJÓSMYNDASAFN ÍSLANDS Í ÞJÓÐMINJASAFNI

# Elsta ljósmyndasafnið er í Þjóðminjasafninu

Árið 1908 var byrjað að safna ljósmyndum í Þjóðminjasafni Íslands og það er elsta ljósmyndasafn landsins. Myndasafnið hefur fengið það virðulega heiti Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni.

Það er erfitt fyrir nútíma-fólk að imynda sér lífið án ljósmynda, svo samofin er ljósmyndin orðin tilveru mannfólksins aðeins 180 árum eftir að ljósmyndaæknin var fundin upp. Hver og einn einstaklingur á sitt ljósmyndasafn en þjóðin sjálf á líka sitt myndasafn.

Heitið minnr okkur á að þetta er myndasafn þjóðarinnar. Mörg söfn á vegum sveitarfélaga eða héraða hófu að safna ljósmyndum eftir miðbik 20. aldar ýmist á byggðasöfnum eða skjalasöfnum. Þannig að einstakir landshlutar eða bæir geta líka státað af sínum myndasöfnum. Enginn safnkostur hefur vaxið jafn hratt í söfnum

landsmanna síðasta áratug og ljósmyndir. Sú þróun er ekki bundin við Ísland heldur er alþjóðleg.

Það má spyrja sig til hvers þjóðin þurfi að eiga sitt myndasafn. Hvaða hlutverki þjóðar slíkt safn? Slíkt safn geymir okkar sameiginlega myndheim. Sá myndheimur er býsna viðfæðmur og tekur til allra þeirra ólíku þátta sem móta lífið í landinu og sambúð okkar við landið en líka til íbúanna sjálfra og daglegs lífs þeirra.

Kannski koma fólki fyrst í huga sögulegir viðburðir í lífi þjóðarinnar. Í fyrra minntumst við ýmissa atburða sem tengdust árinu 1918; sambandslaga, frostavetrar, spænsku veikinnar og Kötflugoss.

Þó að myndakostur frá þessum atburðum sé mjög takmarkaður er það þó í gegnum hann sem við komumst í mest návgi við þá. Í huga okkar mótast mynd af þeim lituð af ljósmyndunum. Í þeirri upprifjun kom á óvart að sjá fjölbreytni í lífi og klæðnaði fólks sem þá byggði Reykjavík sem reyndist svo órafjarri þeirri einsleitu mynd sem við höfum gert okkur af þessum tíma.

Við getum líka velt því fyrir okkur hvernig byggð hefur þróast í landinu síðan ljósmyndaöldin rann upp. Í gegnum ljósmyndir getum við rakið þróun þéttbýlisbyggðar og húsakosts til lands og sjávar. Hvernig húsakostur í



Verslað á nýjum róluvelli í Hlíðunum í Reykjavík 1965. LJÓSMYNDARI INGI-MUNDUR MAGNÚSSON/LJÓSMYNDASAFN ÍSLANDS Í ÞJÓÐMINJASAFNI



Tvær konur í Reykjavík 1918. Jakobína Arinbjarnardóttir er skrifuð fyrir myndinni. LJÓSMYNDARI SIGRÍÐUR ZOËGA/LJÓSMYNDASAFN ÍSLANDS Í ÞJÓÐMINJASAFNI

sveitum hefur breyst með aukinni velsæld og vaxandi bústöfni og þéttbýlið teygst úr sér fyrir vikur, út á tanga og upp til fjalla. En líka hvernig byggð hefur hoptað og virt fyrir okkur blómleg býli til sveita sem nú heyra sögunni til eða þéttbýlisstaði sem hættu að vaxa.

Alveg frá því að ljósmyndin barst til landsins voru ljósmyndir af fólki aðalmyndefnið. Fólk langaði til að eiga af sér mynd og á langri ævi var kannski bara farin ein ferð til ljósmyndara. Portrettmyndin varð minnisgripur fyrir það sjálft, vini þeirra og ættingja en líka hina sem á eftir komu. Sjálfmyndaöldin sem við lifum á var enn langt undan.

Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafni er ekki bara að safna myndum til að varðveita til framtíðar heldur líka til almennrar miðlunar. Kjarni myndasafnsins er skráður í skráningarkerfi sem er opið á netinu. Slóðin til að skoða hvað þar er varðveitt er [www.sarpur.is](http://www.sarpur.is). Þar eru skráðar um 925.000 myndir úr Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni og yfir 115.000 þeirra eru með stafrænni mynd. Þannig er stærsta sýningin í Þjóðminjasafni í vefheiminum. Ásókn almennings í landinu í að sjá og eignast myndir af ættingjum sínum og einnig sérfræðinga, sem vinna að verkefnum í útgáfu, kvikmyndum, húsavernd og ýmsu öðru, vitnar um lifandi áhuga á ljósmyndaarfinum.

Inga Lára Baldvinsdóttir

## Ull flokkuð í Vesturbúðinni á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga er með grunnsýningu sína í tveimur húsum á Eyrarbakka, í Húsinu og í Kirkjubæ, og hefur umsjón með Sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Söfnin eru vel í sveit sett í hinum forna höfuðstað Suðurlands. Byggðasafn Árnesinga og Sjóminjasafnið á Eyrarbakka varðveita um 7.000 ljósmyndir og er hluti þeirra á sýningum. Það býr svo vel að varðveita ljósmyndir danskra gesta í Húsinu á Eyrarbakka, þeirra Oline Lefolli og Agnesar Lunn, sem sýna mannlífið á Eyrarbakka frá 1890 til 1912. Ljósmyndir þessara tveggja dönsku kvenna gefa einstaka sýn á mannlífið í íslenskum kaupstað í kauptríð við aldamótin 1900 og lífið á kaupmannssetrinu. Þær fóru líka í ferðalög út fyrir Eyrarbakka og voru með myndavélarnar í far-teskinu auk þess sem teknar voru ljósmyndir af fólki að störfum.

Rúmri öld síðar er þetta horfinn heimur sem við getum fræðst um á áhugaverðum söfnum á Eyrarbakka.

Ein mynd sem gefur skarpa sýn á atvinnuhætti er á grunnsýningu í Húsinu. Ullin var stærsti liður í afkomu almennings í gamla bændasamfélaginu og var aðalsöluvara bænda ásamt fiski. Oft réð ullin því hvar bændur versluðu og komið var með hana frá sveitabæjunum í hærusekkjum úr hrosshári til verslunar. Kaupmannsfrúin og ljósmyndarinn Oline Lefolli brá sér einn sumardaginn upp á loft í ullarhúsinu sem var einn hluti af húsapýrpingu sem nefndist Vesturbúðin og hýsti stórverslun danska kaupmannsins Lefoliis á Eyrarbakka. Þar ljósmyndaði hún fólk að störfum. Þetta hefur verið um 1910 á blómaskeiði verslunar á Eyrarbakka. Ljósmyndin sýnir fólk, konur og



Mynd af myndinni mögnuðu sem Oline Lefolli tók í kringum 1910.

karla við að flokka ull. Bændurnir komu með hana grófflokkaða til verslunarinnar og var hún vigtuð á stórrí vog. Á ullarloftinu var unnið að því að finnflokka og hreinsa ullina og setja í stóra ullarbala sem fluttir voru til skips sem beið á hafnarlægginu fyrir utan. Þennan vettvang ljósmyndaði kaupmannsfrúin Oline Lefolli og fangar þannig strit alþýðunnar á Eyrarbakka við störf.



### Mikið heimildargildi

Þessi ljósmynd er á grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka. Þar er hún sýnd ásamt ullarvoginni stóru og ullarsekkjum. Vogin og sekkirnir væru fátæklegri og segðu minna ef ljósmyndin

væri ekki til staðar. Á sýningum safnanna á Eyrarbakka gegna ljósmyndir stóru hlutverki. Þær vikka sjóndeildarhringinn, útskýra gjarnan samhengi safngripa og varpa betra ljósi á sýningatexta. **Lýður Pálsson**

Myndin er sýnd ásamt ullarvoginni stóru og ullarsekkjum. Vogin og sekkirnir væru fátæklegri og segðu minna ef ljósmyndin væri ekki til staðar.

# Þrjár milljónir ljósmynda allt frá glerplötum til stafrænna

Minjasafnið á Akureyri býr yfir stórum fjársjóði mynda. Við safnið hefur verið starfrækt ljósmyndadeild síðan 1987 og hefur Hörður Geirsson safnvörður starfað við hana frá upphafi.

Minjasafnsgarðinum stendur stór ljósmynd af garðveislu hjá Oddi C. Thorarensen apótekara í byrjun 20. aldar. Fyrir framan Nonnahús stendur par, líklega í öskudagsbúningi um aldamótin 1900. Það er ekki að ástæðulausu að ljósmyndirnar bjóða gestum í safnið. Minjasafnið á Akureyri býr yfir stórum fjársjóði mynda. Við safnið hefur verið starfrækt ljósmyndadeild síðan 1987 og hefur Hörður Geirsson safnvörður starfað við hana frá upphafi. Ljósmyndir hafa verið ríkur þáttur í bæjarlífi Akureyrar frá 1858 fram til dagsins í dag eins og ljósmyndakostur safnsins sýnir. Hann telur nú 3.000.000 eintök, allt frá glerplötum til stafrænna

frummynda. Glerplötur eru elsta form ljósmyndasafnsins og eru 29% safnkostarins, filmur 38%, kópiur 7% og stafrænar myndir 26% og fer sá hluti safnkostarins sífellt stækkanði eins og gefur að skilja. Stærstur hluti mynda kemur frá atvinnu- og áhugaljósmyndurum en einnig úr förum einstaklinga.

Myndefnið er fjölbreytt og það er einnig notkun safnsins á ljósmyndunum. Þær eru notaðar í öllu starfi safnsins við sýningargerð, safnfræðslu, viðburði og markaðsstarf. Grunnurinn að því að nota þær eru rannsóknir og skráning ljósmyndanna og ekki síst að gera þær stafrænar. Rannsóknir á ljósmyndum eru fjölbreyttar, bæði er verið að skoða myndefnið en jafnframt sögu ljósmyndanna og ljósmyndataekni. Myndefnið getur gefið mikilvægar upplýsingar um þróun byggðar og umhverfis en ekki síður um daglegt líf fólks, t.d. fatnað þess og hífylí.

Rannsóknir á ljósmyndarfinum leiddu Hörð, safnvörð ljósmynda-deildar, á nýjar en þó gamlar slóðir þegar hann hóf rannsóknir og tilraunir með votplötutækni, sem ekki hafði verið notuð á Íslandi í 125 ár. Áhugi Harðar kviknaði við rannsóknir á ljósmyndum Önnu Schiöth. Í safni hennar fann Hörður tvær glerplötur sem teknar voru með votplötutækni. Áhuginn var kviknaður og Hörður fór að grafast fyrir um aðferðirnar og efnafræðina á bak við hana. Hörður lét ekki þar við sitja heldur smíðaði eigin myndavél.

## Hvað eru votplötur?

Votplata er blaut plata með Collodion upplausn. Collodion er



Kópia 1873, Fyrsta myndin af Akureyri sem vitað er um, tekin 1873 af Fredrik Löve. Skuggi ljósmyndarans og myndavélarinnar sést hægra megin á myndinni.



Garðveisla á Akureyri: Hallgrímur Einarsson.

bómull sem er leyst upp í eter og alkóhóli. Það límir silfur á plötuna og gerir hana ljósnæma. Þegar búið er að taka myndina er hún framkolluð í framkollunarvökva sem er vatnsupplausn með járni, sykri, öriltlu af ediksýru og alkóhóli. Þetta þarf að gerast áður en myndin þornar. Skola þarf efnin vel af plötunni með eimudu vatni áður en hún er böðuð í fixer og breytist við það úr negatívi mynd í pósito.

Fixerinn er skolaður af og platan sett í þurrkgrind. Að lokum er hún lókkuð með alkóhóllakki sem er búið til úr alkóhóli, lavenderolíu og trjákvöðu frá Marokkó. Þar með er silfrið lokað inni og ástæfnið kemst ekki að því. Það er ástæða þess hversu lengi slíkar plötur varðveitast, jafnvel 500 ár að talið er.

Það þarf því að hafa hraðar hendur þegar teknar eru votplötumyndir.

Ljósmyndir nýtast einnig öðrum en safninu t.d. við endurgerð gamla húsa ef finna þarf gluggasetningu eða gerð þeirra svo nýlegt dæmi sé tekið. Útgefendur, fjölmíðlar og fræðimenn notast einnig við ljósmyndir safnsins. Grunnurinn að því að nota þær eru rannsóknir og skráning þeirra.

Ljósmyndirnar eru sá hluti safnkostar Minjasafnsins sem mest er leitað í, ekki síst eftir að hann er kominn heim í stofu til fólks á Sarpur.is, sem er gagnagrunnur sem flest íslensk söfn notast við. Almennir notendur hafa verið mikill liðsáuki í rannsóknum á myndefninu gegnum Sarp þar sem hann býður fólki að senda upplýsingar um myndefnið. Ljósmyndir eru stór hluti daglegs lífs. Þær eru og verða mikilvæg heimild um fólk og mannlíf. Hvað tekur þú margar myndir á dag? Ætli allar matarmyndir, myndir af skóm og varningi endi á safni í framtíðinni? Haraldur Þ. Egilsson



Sýningin Börn í 100 ár í Safnahúsi Borgarfjarðar er áhugaverð og fjölbreytt.

## Íslensk börn í 100 ár

Heildaráhrif sýningarinnar Börn í 100 ár, sem er í Safnahúsi Borgarfjarðar, er myndræn sem gerir hana einstaklega aðgengilega. Mikið er um að skólahópar sækja sýninguna heim enda eru söguefnið næg og rýmið sjálft höfðar mjög til barna. Á bak við ljósmyndirnar eru hólf þar sem sjá má muni frá Byggðasafni Borgarfjarðar sem er eitt safnanna í Safnahúsinu. Í miðju rýminu er upprunaleg baðstofa sem verðugur fulltrúi gamla tímans.

Sýningin er hönnuð af Snorra Frey Hilmarssyni leikmyndahönnuði sem leggur áherslu á læsileika og hughrif. Í sama húsnæði má einnig sjá aðra grunnsýningu Safnahúss, fuglasýninguna Ævintýri fuglanna sem einnig er hönnuð af Snorra. Stóri kosturinn

við báðar sýningarar er að það þarf ekki tungumál til að „lesa“ sig gegnum myndrænar frásagnirnar, heldur tala þær jafnt til allra.

Í Safnahúsi eru alls fimm söfn, bókasafn og skjalasafn þar með talið. Þar eru haldnar listasýningar, fyrirlestrar og tónleikar auk grunnsýninganna tveggja sem eru opnar allt árið og draga að sér fjölda gesta. Á safnadaginn 18. maí verður opnuð þar sýning úr safnkosti Listasafns Borgarness sem er eitt safnanna í húsinu. Sýningarstjóri er Helena Guttormsdóttir.

Safnahúsið í Borgarnesi hefur á liðnum árum öðlast mikilvægan sess sem menningarmiðstöð fyrir Borgarfjörð og nærsveitir. Starfsemi er mikilvæg samfélagslega þar sem þekkingu er miðlað á skapandi hátt.

Guðrún Jónsdóttir

## Þar sem fortíð og nútíð mætast

Ljósmyndasafn Reykjavíkur er miðstöð ljósmynda þar sem fortíð og nútími mætast. Markmið safnsins er að varðveita, safna og sýna bæði sögulega og samtímaljósmyndun í listrænu, félags- og menningarlegu samhengi.

Í Ljósmyndasafninu eru nú um 6 milljónir ljósmynda af ýmsum stærðum og gerðum. Safneignin samanstendur að stærstum hluta af myndasöfnum sem færð eru Ljósmyndasafninu til varðveislu.

Ljósmyndasafnið varðveitir bæði myndir frá atvinnuöfnum og áhugamönnum í faginu, þær elstu eru frá því um 1860 og þær yngstu frá 2014. Myndefnið er æði fjölskrúðugt og má þar m.a. nefna mannamyndir teknar á ljósmyndastofum, ýmiskonar blaða-, iðnaðar-, landslags- og auglýsingaljósmyndir auk fjölbreyttrar flóru mannlífs- og fjölskyldumynda.

Mikilvægur þáttur í starfsemi safnsins er að auka aðgengi að safneigninni. Í gegnum myndavef safnsins (borgarsogusafn.is) er hægt að leita eftir myndefni og ljósmyndurum auk þess að kaupa myndir í gegnum vefinn. Hluti af starfi Ljósmyndasafns Reykjavíkur er að auka við myndavefinn og fer myndum fjölgandi með hverju ári.

Safnið setur upp fjölda sýninga ár hvert þar sem markmiðið er að kynna íslenska ljósmyndara, sýna verk úr safneign sem og að sýna verk erlendra ljósmyndara.

Á Alþjóðlega safnadaginn



Apríl 1974, fermingarveisla Ásgeirs Ásgeirssonar í fjölskyldu ljósmyndara. Tvær konur og strákur í eldhúsi. Önnur konan klæðist upphlut.

LJÓSMYND/KRISTJÓN HARALDSSON

þann 18. maí, verður opnuð í Ljósmyndasafni Reykjavíkur ný sýning úr safnkosti sem ber heitið Íslensk kjötsúpa. Myndirnar á sýningunni eru eftir Kristjón Haraldsson (1945-2011) en Kristjón starfaði sem iðnaðar- og auglýsingaljósmyndari í Reykjavík. Hann lærði ljósmyndun hjá Leifi Þorsteinssyni í Myndið og í Iðnskólanum í Reykjavík. Kristjón rak ljósmyndastofuna Stúdíó 28, fyrstu árin með Kristjáni Péttri Guðnasyri ljósmyndara.



Júlí 1982, myndataka fyrir Örtölvutækni sf. Stjórnsalur í Svartsengi, Svartsengisvirkjun.

LJÓSMYND/KRISTJÓN HARALDSSON

Flestar myndirnar á sýningunni eru teknar á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Á sýningunni verða bæði myndir sem Kristjón tók fyrir auglýsingar, t.d. fyrir ullariðnaðinn og plötuumslög fyrir íslenska tónlistarmenn, og einnig myndir sem hann tók af fjölskyldu sinni og nærumhverfi í gömlu Reykjavík. Varpa allar þessar ljósmyndir skemmtilegu ljósi á tíðarandann og draga fram hversdaginn sem margir muna. Kristín Hauksdóttir

Sýningin opnar kl. 15 á Alþjóðlega safnadaginn laugardaginn 18. maí. Allir eru velkomnir og ókeypis er inn á safnið í tilefni dagsins.



Héraðsmót Ungmennasambands Dalamanna á Laugum í Sælingsdal. Jóhannes úr Kötlum í ræðustóli.

## Mikilvægar heimildir um störf og daglegt líf fólks

**B**byggðasafn Dalamanna var vígt á sumardaginn fyrsta 1979 og á því 40 ára víslu-afmæli í ár. Hefur safnið verið opið yfir sumarmánuðina og meginþorri gesta verið Íslendingar á ferð um Dali.

Fljótlega tók Magnús Gestsson, stofnandi safnsins, að safna ljósmyndum af Dalamönnum og úr Dölum. Fyrstu myndir safnsins voru að mestu myndir af Dalamönnum fæddum á 19. öld. Stór hluti þeirra ljósmynda var tekinn af Jóni Guðmundssyni, ljósmyndara og bónda í Ljárskógum, en hann fór víða um sýsluna og tók myndir af fólki. Síðasta áratuginn hefur jafnframt verið lögð áhersla á að safna myndum af daglegu lífi Dalamanna við leik og störf. Ekki er raunhæft að safna öllu og eru ljósmyndir því mikilvægar heimildir um störf og daglegt líf.

Ljósmyndir má finna á sýningum safnsins eftir því sem aðstæður leyfa. Aftur á móti er lögð mikil áhersla á að birta sem mest af safnkostinum í Sarpi og gefa þannig sem flestum tækifæri á að njóta. Í dag eru birtar þar um 3.500 ljósmyndir frá safninu og kemur til með að fjölga þegar liður á árið.

Valdis Einarsdóttir



Unnið við fiskþvott.

LJÓSMYNDARI/BJÖRN INGVARSSON

## Myndefni sem sýnir glögg þróun byggðar

**S**kjala- og myndasafn Norðfjarðar varð 40 ára 23. janúar sl. Safnið var í fyrstu eign Neskaupstaðar en eftir sameiningu Neskaupstaðar og nágrenna-sveitarfélaganna er það nú eign Fjarðabyggðar. Eitt af verkefnum safnsins frá fyrstu dögum þess var að safna saman öllu því er tengist sögu Norðfjarðar og Neskaupstaðar og þess fólks sem staðurinn hefur alið. Þessi söfnun hefur farið og fer fram með söfnun skjala og myndefnis bæði í formi ljósmynda og kvikmynda.

Safnið er með á annað hundrad þúsund ljósmynda og filma, auk nokkurs fjölda kvikmynda. Þetta myndaefni okkar sýnir glögg þróun byggðar á svæðinu ásamt útgerð og annarri atvinnustarfsemi. Einnig erum við með mikinn fjölda mynda af fólki sem hér hefur búið eða dvalið ásamt fjölda af öðru fólki. Allt er þetta efni okkur og komandi kynslóðum mikils virði.

Guðmundur Sveinsson

# Mikið safn af myndum um lífið fyrr á árum

Skógasafn er að finna á Suðurlandi um 150 km frá Reykjavík. Safnið hefur notið fjölgunar ferðamanna til landsins.

**S**afnið er vel í sveit sett en hinn fjölsótti Skógafoss er í næsta nágrenni og Eyjafjallajökull gnæfir yfir staðnum. Safnið hefur notið hinnar miklu fjölgunar ferðamanna til landsins. Árið 2018 komu rúmlega 52.000 gestir á safnið. Erlendir gestir voru í meirihluta en Íslendingar sem komu voru í kringum 1.200. Í haust eru 70 ár liðin frá því að Héraðsskólinn að Skógum var stofnaður en Skógasafn var stofnað þar sama ár og var fyrsta sýningarrýmið í skólanum. Ráðgert er að halda upp á tímamótin í haust með afmælishátíð. Munu ljósmyndir skipa stórt hlutverk þar sem hægt er að sjá sögu safns og skóla í máli og myndum.

Ljósmyndir í eigu safnsins eru um 15.000 og unnið er jafnt og þétt að skönnun og skráningu upplýsinga um þær. Nú þegar hafa verið skráðar um 5.700 ljósmyndir og eru þær aðgengilegar á vefnum Sarpur.is.

Mikið er til af merkilegum myndum sem eru heimildir um lífið í landinu á árum áður. Það voru ekki bara teknar myndir inni á ljósmyndastofum af fólki í sparifötunum með oft á tíðum alvarlegan svip. Gaman er að sjá myndir af fólki við dagleg störf. Sumar sýna fólk á hestbaki, börn að hjóla eða að leika við hundinn á bænum. Einnig eru til myndir af merktum áföngum í sögu Suðurlands eins og brúarsmiði og vegagerð fyrir og um miðja 20. öld þar sem vinnutækin voru ansi frumstæð. Ljósmyndir hafa verið notaðar nokkuð í sýningum safnsins en við uppsetningu Samgöngusafnsins, sem er hluti af



Glaðlegar ferðakonur með hesta sína og hund, mynd frá um 1920-1930. LJÓSMYND/VALGERÐUR HELGADÓTTIR



Skógasafnið tók á móti um 52 þúsund gestum á síðasta ári.

Skógasafni, voru notaðar myndir af ferðafólki og bílum frá fyrri hluta síðustu aldar. Þær eru góðar heimildir um ferðabúnað áður fyrr.

Margir stoppa við myndir sem Valgerður Helgadóttir (1896-1981), húsfreyja á Hólmi, tók. Myndirnar hennar sýna fólk í sínu rétta umhverfi og við hversdagslegar athafnir. Þar er að finna fyrir utan

ferðakonurnar með hestana sína og litla drenginn í finu fötunum sínum, margs konar myndir af börnum og fullorðnum við leik og störf.

Margar sýna nýsmiðaðar túrbínur Bjarna Runólfssonar í Hólmi sem var eiginmaður Valgerðar. Valgerður hafði mjög gott auga fyrir myndefninu og hefur greinilega átt vandaða myndavél. Helga Jónsdóttir



Litill drengur situr úti í blíðviðri, myndin er tekin um 1930.

LJÓSMYND/VALGERÐUR HELGADÓTTIR

## Alþjóðlegi safnadagurinn er laugardaginn 18. maí 2019

**S**öfn um heim allan munu safna Alþjóðlega safnadeginum þann 18. maí 2019 og dagana í kring. Þátttaka í Alþjóðlega safnadeginum fer vaxandi meðal safna um heim allan. Árið 2018 tóku yfir 40.000 söfn þátt í atburðinum í 158 löndum. FÍSOS, Félag íslenskra safna og safnmanna, og Íslandsdeild ICOM, Alþjóðaráð safna, halda utan um kynningu á deginum.

Hlutverk safna í samfélaginu er að breytast. Söfn eru í stöðugri endurnýjun í viðleitni sinni til að verða gagnvirkari, áhorfendamiðaðri, samfélagslegri, sveigjanlegri, aðlögunarhæfari og hreyfanlegri stofnanir. Þau hafa breyst í menningarmiðstöðvar sem skapa

» Söfn eru í stöðugri endurnýjun í viðleitninni að verða gagnvirkari, áhorfendamiðaðri, samfélagslegri, sveigjanlegri og aðlögunarhæfari.

umhverfi þar sem sköpunargleði er sameinuð þekkingu.

Um leið og söfnin hafa varðveitt meginhlutverk sitt, við að safna, varðveita, miðla, rannsaka og sýna, hafa þau gerbreytt starfsvenjum sínum

til að vera áfram nær þeim samfélögum sem þau þjóna.

Í dag leita þau eftir nýstárlegum leiðum til að takast á við félagsleg vandamál og átök samtímans. Með því að starfa á staðnum geta söfn einnig barist fyrir og dregið úr alþjóðlegum vandamálum og lagt sig fram um að mæta áskorunum nútímasamfélagsins að fyrra bragði. Sem stofnanir eru söfn í hjarta samfélagsins og geta þannig komið á samtali á milli menningarheima, byggt brýr fyrir heimsfrið og skilgreint sjálfbæra framtíð. Söfn aðlagast hlutverki sínu sem menningarmiðstöðvar

í auknum mæli og hafa einnig fundið nýjar leiðir til að heiðra safnmuni sína, söguna og arfleifð, og þannig skapað hefðir sem munu hafa nýja merkingu fyrir seinni kynslóðir og mikilvægi fyrir æ margbreytilegri samtíma viðtakendur á heimsvísu.

Þessi umskipti, sem munu hafa djúpstæð áhrif á safnafræði og starfsvenjur, neyða okkur einnig til að endurskoða hvaða gildi söfn hafa og endurskoða þau siðfræðilegu mörk sem skilgreina sjálft eðli starfs okkar sem safnasérfræðinga.

